

Skipulagsmál í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Efni:

Tillaga um endurskoðun og niðurfellingu á samþykkt sveitarstjórnar frá 26. nóvember 2025 varðandi synjun á skipulagstillögum í frístundabyggðum.

Undirrituð leggur til að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps felli úr gildi samþykkt þá sem gerð var samhljóða á 604. fundi sveitarstjórnar þann 26. nóvember 2025:

„Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja öllum nýjum deiliskipulagstillögum fyrir frístundabyggð, tillögum um fjölgun frístundahúsalóða innan þegar deiliskipulagðra frístundasvæða og öllum tillögum um verulegar breytingar innan þegar deiliskipulagðra frístundasvæða. Jafnframt er ákveðið að hafna öllum breytingum á aðalskipulagi sem varða frístundabyggðir. Þetta á ekki við um þau mál sem þegar hafa verið samþykkt til auglýsingar.“

Sú ákvörðun sveitarstjórnar að setja algjört, fortakslaust og fyrirfram ákveðið stopp á allar skipulagsbreytingar felur í sér alvarlegt inngrip í stjórnsýsluleg réttindi borgaranna.

Stjórnsýsluréttur og meðalhófsreglan (sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993) gera ríka kröfu til þess að stjórnvöld grípi ekki til íþyngjandi ráðstafana en brýna nauðsyn ber til og að hvert erindi fái einstaklingsbundið, sjálfstætt og efnislegt mat út frá eigin verðleikum. Með því að beita flötum synjunum er skipulagsnefnd gerð óvirk og farið út fyrir það sem eðlileg stjórnsýsla býður upp á.

Þótt skiljanlegt sé að sveitarstjórn kalli eftir skýrari línun frá innviðaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti vegna lögheimilisskráninga Þjóðskrár, má sú lagalega óvissa ekki verða til þess að stöðvun ríki yfir ákveðnum hluta skipulagsvalds sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið getur beitt skipulagsvaldi sínu til að setja sértæk skilyrði í deiliskipulagi í stað þess að beita flötum synjunum.

Stöðnunin kemur niður á fjölda fólks og fyrirtækja sem eiga rétt á því að erindi þeirra fái efnislega og einstaklingsbundna umfjöllun en sé ekki sjálfkrafa felld á tæknilegu „stoppi“. Ljóst er að samhlíða þessari bókun hafa þegar verið gerðar þónokkrar synjanir á deiliskipulagstillögum þar sem þessu ákvæði hefur verið beitt. Slíkt getur ekki viðgengist til lengri tíma.

Ragna Ívarsdóttir